

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 163/2018****2021/EES/13/41****frá 6. júlí 2018****um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/680 frá 2. maí 2018 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna hreingerningaþjónustu innanhúss ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 2zo (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/763/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„2zp. **32018 D 0680**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/680 frá 2. maí 2018 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna hreingerningaþjónustu innanhúss (Stjttð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 22).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2018/680, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 22.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.